

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 104 1. mars 1986, um sérstakt gjald af bifreiðum.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt gjald af bifreiðum sem flokkast undir tollskránum 87.02.14, 87.02.15 og 87.02.16, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.

#### 2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar verði 3. mgr. en 1. og 2. mgr. hennar orðist svo:

Gjald af bifreiðum skal lagt á í eftirfarandi sjö flokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými afvléar mælt í rúmsentimetrum:

	Eigin þyngd kg	Sprengirými cm <sup>3</sup>	Gjald í %
I .....	0— 700	0—1 000	0
II .....	701— 800	1 001—1 300	5
III .....	801— 900	1 301—1 600	9
IV .....	901—1 100	1 601—2 000	13
V .....	1 101—1 300	2 001—2 300	20
VI .....	1 301—1 500	2 301—3 000	28
VII .....	>1 500	>3 000	32

Af almenningsbifreiðum, sem hannaðar eru til flutnings á 30 farþegum eða fleiri, að meðtöldum ökumanni, og flokkast undir tollskránum 87.02.29, skal greiða 10% gjald.

#### 3. gr.

1. mgr. 3. gr. falli brott.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og gildir frá og með 1. mars 1986.

Tollar og sérstakt gjald af bifreiðum sem greiddir voru frá og með 1. mars 1986 samkvæmt d-lið 10. gr. laga nr. 3/1986 um breyting á 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. og 2. gr. reglugerðar nr. 104/1986 um sérstakt gjald af bifreiðum, skulu reiknaðir að nýju samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 4/1986 og ákvæðum þessarar reglugerðar og endurgreiddir innflytjendum samkvæmt endurgreiðslubeiðnum útreiknuðum af þeim.

*Fjármálaráðuneytið, 11. mars 1986.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Höskuldur Jónsson.*